



Endurskoðun aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

í samræmi við 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010

Júlí 2020

Skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 í samræmi við 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010

Unnið fyrir Vopnafjarðarhrepp:



YRKI arkitektar ehf.

Mýragata 26 • 101 Reykjavík • sími: 552-6629 • yrki@yrki.is • www.yrki.is

Innihald

1	Aðdragandi	5	6.2	Íbúafundur meðfram mótun tillögu	15
2	Viðfangsefni og forsendur endurskoðunar	6	6.3	Kynningafundur með tillögu á vinnslustigi	15
2.1	Framtíðarhorfur í atvinnulífi	6	6.4	Nýtt aðalskipulag auglýst.....	16
2.2	Áhrif óðahlýnnunar á veðurfar og umhverfið.....	6	7	Ferlið framundan og tímaáætlun	17
2.3	Bújarðir og landbúnaðarsvæði	7			
2.4	Ferðaþjónusta.....	7			
2.5	Orkumál	7			
2.6	Verndun náttúrugæða og umhverfis.....	7			
2.7	Framtíðarskipan úrgangsmála	8			
2.8	Efnistökusvæði - námur.....	8			
2.9	Viðfangsefni samkvæmt skipulagsreglugerð	8			
3	Skipulagssvæðið	9			
4	Tengsl við aðrar áætlanir	10			
4.1	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun	12			
4.2	Landsskipulagsstefna	12			
5	Umhverfismat	13			
5.1	Viðmið.....	13			
5.2	Mat á áhrifum	13			
5.3	Umhverfisþættir	14			
5.4	Kynning og samráð við umhverfismat	14			
6	Íbúafundur og samráð	15			
6.1	Upphafsfundur með íbúum	15			

Hvað er aðalskipulag?

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag þar sem sett er fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Lýst er forsendum stefnu og skilmála og hvernig staðið verður að framkvæmd þeirra. Marka skal stefnu til minnst 12 ára.

Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð *deiliskipulags* varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðarmynstur, þar með talið þéttleika byggða.

Að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag.

Hvað er endurskoðun aðalskipulags?

Við endurskoðun aðalskipulags er farið yfir stefnur og ákvæði gildandi aðalskipulags í ljósi breytinga sem kunna að hafa orðið frá samþykkt þess. Farið er yfir stöðuna í sveitarfélaginu í dag og metið hvort aðalskipulagið sé að svara þeim áskorunum sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir í dag og fyrirsjáanlegri framtíð.

Við endurskoðun aðalskipulags gefst tækifæri til að móta stefnu fyrir sveitarfélagið allt þar sem horft er til framtíðar með það að markmiði að styrkja bæði samfélagið og umhverfið (hið byggða og óbyggða) um ókomna tíð.

Hvað er lýsing?

Skipulags- og matslýsing er verklýsing eða lýsing fyrir verkefnið sem er framundan, endurskoðun *Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026*. Tilgangur með þessu skjali er að kynna verkefnið og auðvelda íbúum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta að taka þátt í mótun nýs aðalskipulags og koma að athugasemdum og upplýsingum.



Athugasemdir og ábendingar við þessa lýsingu

Allir sem óska getið komið á framfæri athugasemdum og ábendingum við þessa lýsingu með því að senda þær skriflega til skipulags- og byggingafulltrúa Vopnafjarðarhrepps á netfangið sigurdur.jonsson@efla.is eða með bréfpósti á Sigurður Jónsson, Efla Austurlandi, Hafnargötu 28, 710 Seyðisfirði.

1 Aðdragandi

Hér er lögð fram skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. **Tilgangur lýsingarinnar er að kynna verkefnið og auðvelda íbúum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta að taka þátt í mótun nýs aðalskipulags og koma að athugasemdum og upplýsingum.** Líta má á lýsinguna sem verk- og tímaáætlun fyrir vinnuna fram undan.

Núgildandi aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps var staðfest í október 2008 og var ætlað að gilda til ársins 2026. Frá staðfestingu aðalskipulagsins hafa verið gerðar allnokkrar lagabreytingar er snúa að skipulagsmálum s.s. skipulagslög, lög um náttúruvernd, mannvirkjalög og lög um menningarminjar. Þá stendur sveitarfélagið frammi fyrir nýjum áskorunum sem ekki er tekið á í gildandi aðalskipulagi, svo sem loftslagsbreytingum, breytingum í ferðaþjónustu, breyttri nýtingu á landbúnaðarsvæðum og nýjum áskorunum í orkumálum.

Í maí 2019 ákvað sveitarstjórn að ráðast í endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins í ljósi þessa. Viðfangsefni endurskoðunar endurspeglar þessar breyttar forsendur, sjá nánar í næsta kafla.



2 Viðfangsefni og forsendur endurskoðunar

Við endurskoðun aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps verður mótuð stefna til framtíðar um:

- landnotkun,
- byggðapróun og byggðamynstur,
- samgöngu- og þjónustukerfi
- og umhverfismál.

Lögð verður fram stefna um einstaka málaflokka (svo sem íbúðabyggð, landbúnað eða iðnað) sem síðan verður útfærð eftir landnotkunarflokkum aðalskipulags og í skilmála til að ná fram settum markmiðum.

Stendur til að vinna landnotkunarflokka og skilmála fyrir þá í landupplýsingakerfi (e. geographic information system, GIS) í samræmi við skipulagsreglugerð um landnotkunarflokka og framsetningu. Gögnin verða unnin í samræmi við hugmyndir um stafrænt skipulag.

Markmið gildandi aðalskipulags eru:

- Að efla atvinnumál, umhverfismál og félags- og velferðarmál.
- Að auka fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins þannig að Vopnafjörður verði áhugaverður staður fyrir fólk að búa á, og skapa jákvæðar forsendur fyrir fyrirtæki til að staðsetja sig þar.
- Að marka umhverfisstefnu sem stuðlar að sjálfbærri þróun í atvinnu-, félags-, umhverfis-, og velferðarmálum.
- Að þetta byggð á skipulagstímabilinu og gera úttekt á fjölda óbyggðra lóða í þéttbýlinu ásamt skipulagi nýrra svæða.
- Að bæta samgöngur til hagsbóta fyrir almenning og atvinnulíf. Gerð verði jarðgöng undir Hellisheiði eystri og endurbýggður vegur uppá Háreksstaðaleið.

Frá gildistöku aðalskipulagsins hafa orðið ýmsar úrbætur í samgöngumálum þar sem vegur upp á Háreksstaðaleið er í góðu lagi í dag

og nýr vegur liggur inn í þéttbýlið. Ekki hefur orðið af göngum um Hellisheiði og enn er áhugi fyrir göngum yfir á Hérað.

Gert er ráð fyrir að endurskoða gildandi aðalskipulag í heild sinni og verða markmið aðalskipulagsins tekin til endurskoðunar í samræmi við viðfangsefnin.

Viðfangsefni endurskoðunar aðalskipulags koma að hluta til vegna breyttra laga sem snerta skipulagsgerð og landnotkun ásamt nýlegri landsskipulagsstefnu sem samþykkt var á Alþingi í mars 2016. Þá er val á viðfangsefnum bein afleiðing nýrra áskorana sem Vopnafjarðarhreppur stendur frammi fyrir.

2.1 Framtíðarhorfur í atvinnulífi

Horft verður til tækifæra til að styðja við nýsköpun og listgreinar í sveitarfélaginu. Til að tryggja samkeppnishæfni sveitarfélagsins til lengri tíma er nauðsynlegt að skoða möguleika á að fjölga störfum og ýta undir jákvæða þróun atvinnulífs.

Í því felst einnig að hlúa áfram að kjarnastarfsemi í sveitarfélaginu – landbúnaði, útgerð og fiskvinnslu. Horfa þarf á vaxtatækifæri í þessum greinum á sama tíma og stutt er við nýsköpun. Skoða þarf breyttar framtíðarhorfur í atvinnulífinu á landinu öllu, á svæðinu (landshluta) og á Vopnafirði (á staðarvísu).

Skoða þarf hvernig hugmyndir um uppbyggingu stórskipahafnar í Finnafirði munu hafa áhrif á atvinnumál og íbúðapróun á norðausturhorni landsins og þar með Vopnafirði.

2.2 Áhrif óðahlýnunar á veðurfar og umhverfið

Ljóst er að mannkynið allt stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum vegna óðahlýnunar andrúmsloftsins (loftslagsbreytinga). Ísland hefur skuldbundið sig við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda svo að koma megi í veg

fyrir að hlýnun lofthjúps jarðar fari yfir 2°C frá því sem var fyrir upphaf iðnbýltingar.

Sveitarfélögin munu gegna lykilhlutverki í að draga úr losun sem og bindingu kolefnis. Tækifæri leynast í innviðauppbýggingu með það að leiðarljósi að draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda. Horft verður til tækifæra til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auka bindingu þeirra og hvort fara þurfi í aðgerðir til að bregðast við áhrifum óðahlýnunar.

Vopnafjörður býr yfir miklu landsvæði sem nýta má til að binda frekar kolefni t.d. með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Horft verður til þess hvort og hvernig sporna megi við neikvæðum áhrifum óðahlýnunar.

Ljóst er að áskoranir vegna óðahlýnunar kalla á breytta nálgun í ýmsum málaflokkum aðalskipulags. Ekki er fjallað um loftslagsbreytingar, óðahlýnun né þá náttúruvá sem þeim kann að fylgja í gildandi aðalskipulagi.

2.3 Bújarðir og landbúnaðarsvæði

Borið hefur verið á því að jarðir á Vopnafirði séu teknar úr búskap og fari jafnvel úr búsetu svo hús og tún standa auð og ónotuð. Ljóst er að slík þróun er ekki sveitarfélaginu til heilla né geti talist góð ráðstöfun á landgæðum. Skoða þarf hvernig sveitarfélagið getur stutt við áframhaldandi búsetu og búskap á jörðum.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 kemur m.a. fram að flokkun landbúnaðarlands verði lögð fram til grundvallar skipulagsákvæðana. Með flokkun landbúnaðarlands er hægt að fá skýrari mynd á landgæðum sveitarfélagsins og möguleikum á nýtingu þeirra. Einnig gæti flokkunin hjálpað til við greiningu lands undir skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis.

2.4 Ferðapjónusta

Ýmis tækifæri og nýjar áskoranir fyrir sveitarfélagið felast í fjölgun ferðamanna. Nauðsynlegt er að nýta uppbyggingu í greininni til að styrkja atvinnulíf á Vopnafirði og bæta aðstöðu fyrir ýmsa afþreyingu sem nýtist bæði íbúum og gestum.

Nú þegar hafa komið upp mál sem kalla á breytingu á aðalskipulagi t.d. uppbygging fuglaskoðunarstíga, almenna göngustíga, fyrirspurn um tjaldsvæði og fjölgun frístundahúsa á bújörðum.

Vopnafjörður er markvist að skoða þessi mál þar sem unnið er að ferðamálstefnu, en sú vinna er á lokametrunum. Ákveðið tækifæri felst í því að vinna stefnuna áfram í aðalskipulag.

2.5 Orkumál

Miklar breytingar hafa átt sér stað í orkumálum á síðustu árum. Aukinn eftirspurn er eftir orkuöflun með vindmyllum og smávirkjunum. Nú þegar er til umfjöllunar vatnsaflsvirkjun í Þverá. Ekki er fjallað um orkumál í núgildandi aðalskipulagi Vopnafjarðar né mótuð stefna um framtíð orkumála og stendur til að bæta úr því.

2.6 Verndun náttúrugæða og umhverfis

Í kjölfar laga um náttúruvernd sem tóku gildi árið 2013 þarf að taka til endurskoðunar verndun og nýtingu náttúrugæða í sveitarfélaginu. Þá eru ýmis tækifæri fólgin í verndun ákveðinna svæða með tilliti til nýtingar, svo sem laxveiði, beitiland hreindýra, dúntaka og/eða auðkennandi náttúrufyrirbæri sveitarfélagsins. Skoða mætti til dæmis hvaða landslag einkennir sveitarfélagið og er vert að vernda það? Þá er æskilegt að kortleggja verndarsvæði á grunni 61. gr. náttúruverndarlaga.

2.7 Framtíðarskipan úrgangsmála

Í Vopnafirði er allur úrgangur flokkaður en hluti er urðaður á Búðaröxl, vestanmegin á Kolbeinstanga. Gera má ráð fyrir að svæðið verði fullnýtt fyrir lok gildistíma núverandi aðalskipulags þ.e. lok árs 2026.

Farið verður yfir núverandi fyrirkomulag urðunar og endurvinnslu úrgangs sem fellur til innan sveitarfélagsins.

2.8 Efnistökusvæði - námur

Unnið var að breytingu á aðalskipulagi er varðar efnistökusvæði í sveitarfélaginu öllu en til stóð að bæta inn allt að sjö nýjum efnistökusvæðum. Við vinnslu á breytingartillögu kom í ljós að þörf er á að endurskoða öll efnistökusvæði í sveitarfélaginu og hvernig staðið er að frágangi þeirra sem ekki eru í notkun. Skoða þarf hvort þörf er á að skerpa á stefnu um efnistöku, nýtingu jarðefna almennt og frágang efnistökusvæða m.a. vegna nýrra laga um náttúruvernd.

2.9 Viðfangsefni samkvæmt skipulagsreglugerð

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal marka stefnu um eftirfarandi viðfangsefni í aðalskipulagi:

- a) Athafna- og iðnaðarstarfsemi,
- b) blöndun byggðar,
- c) efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs,
- d) íbúar og íbúðir,
- e) landbúnaður,
- f) landsskipulagsstefna,
- g) opin svæði, útivist og íþróttir,
- h) samgöngur, vegir og stígar,
- i) sjálfbær þróun,
- j) skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlends,
- k) stakar framkvæmdir,

- l) varúðarsvæði og náttúruvá,
- m) veitur og fjarskipti,
- n) verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun),
- o) vernd vatns, náttúru- og menningarminja,
- p) verslun og önnur þjónusta,
- q) þéttbýli.

Gætt verður að því að taka á þessum viðfangsefnum við endurskoðun aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps.



3 Skipulagssvæðið

Samkvæmt 28. gr. skipulagslaga skal aðalskipulag sveitarfélaga ná til eins sveitarfélags og taka til alls lands innan sveitarfélagsins. Í samræmi við skilgreiningu staðarmarka sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og jarðalög nr. 81/2004 verða skipulagsmörk dregin 115 metrum utan við stórstraumsfjörumörk.

Á mynd 3.1 má sjá sveitarfélagsmörk Vopnafjarðarhrepps.

Við stefnumótun verður þó einnig horft út fyrir skipulagssvæðið og horft til annarra áætlana, bæði á landsvísu og svæðisvísu, sem kunna að hafa áhrif á sveitarfélagið. Sjá nánar tengsl við aðrar áætlanir í næsta kafla.



Mynd 3.1 Sveitarfélagsmörk Vopnafjarðarhrepps og aðliggjandi sveitarfélög.

4 Tengsl við aðrar áætlanir

Við endurskoðun aðalskipulags verður horft til annarra áætlana og stefnuskjala sem kunna að tengjast gerð og/eða framfylgd nýs aðalskipulags. Leitast verður eftir að tryggja samræmi við aðrar áætlanir en sé það ekki fært verður gerð grein fyrir því og mögulegu ósamræmi.

Skoðað verður hvort ástæða sé til að taka mið stefnum sem enn eru í mótun. Sem dæmi má nefna

Eftirfarandi áætlanir, stefnuskjöl og verkefni verða höfð til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulags. Allar ábendingar um frekari viðmið vel þegnar:

Stefnur og áætlanir á landsvísu:

[Heimsmarkmiðin - markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun](#)

[Landsskipulagsstefna 2015-2026](#)

[Loftslag, landslag, lýðheilsa – viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026](#) *

[Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum](#)

[Aðgerðaáætlun um orkuskipti](#)

[Byggðaáætlun](#)

[Ferðamálaáætlun](#)

[Framkvæmdaáætlun um líffræðilega fjölbreytni](#)

[Hreint loft til framtíðar - Áætlun um loftgæði á Íslandi](#)

[Hvítbók um náttúruvernd](#)

[Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028](#)

[Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs](#)

[Landsáætlun um innviði](#)

[Menningarstefna í mannvirkjagerð - Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist](#)

[Rammasamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins](#)

[Samgönguáætlun](#)

[Skógar á Íslandi. Stefnumótun á 21. öld](#)

[Stefna Minjastofnunar Íslands](#)

[Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku](#)

[Stefna um lagningu raflína](#)

[Stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni](#)

[Velferð til framtíðar \(VTF\), stefnumörkun Íslands á sviði sjálfbærrar þróunar \(einkum umhverfisverndar og auðlindanýtingar\) 2002-2020](#)

* Viðkomandi áætlun í vinnslu. Reynt verður að taka tillit til viðkomandi áætlunar eins og hægt er miðað við stöðu verkefnisins hverju sinni.

Stefnur og áætlanir á svæðisvísu:	
Svæðisskipulag Austurlands*	Fjallað verður um tengsl við stefnu svæðisskipulags um uppbyggingu samfélags, byggðar og samgangna á Austurlandi.
Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga: <ul style="list-style-type: none"> • Aðalskipulag Fljótaldshéraðs 2008-2028 • Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 • Aðalskipulag Norðurbings 2010-2030 	Gætt verður að samræmi við sveitarfélagsmörk. Taka þarf til skoðunar uppbyggingaráform í nágranna-sveitarfélögum sem geta haft áhrif á Vopnafjörð, svo sem stórskipahöfn í Finnafirði.
Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024	Skoðað verður samhengi framtíðarsýnar í sóknaráætluninni við stefnumótun í aðalskipulagi.
Áfangastaðaáætlun Austurlands 2018-2021 (Action Austurland DMP 2018-2021)	Skoðað verður hvort stefnumið og verkefni úr áfangastaðaáætluninni eigi samleið við stefnumótun og landnýtingu við endurskoðun aðalskipulags.

* Viðkomandi áætlun er í vinnslu en búið er að kynna lýsingu fyrir verkefnið. Reynt verður að taka tillit til viðkomandi áætlunar eins og hægt er miðað við stöðu verkefnisins hverju sinni.

Stefnur og áætlanir á staðarvísu:	
Aðalskipulag Vopnafjarðar 2006-2026	Við stefnumótun í endurskoðun aðalskipulags þarf að huga að eldri ákvörðunum til samanburðar. Ekki er útilokað að einhverjir málaflokkar/stefnur verði teknir upp óbreyttir úr eldri áætlun.
Deiliskipulagsáætlanir	Hugað verður að samræmi við hugmyndir og markmið sem lögð eru fram í gildandi deiliskipulagsáætlunum.
Veljum Vopnafjörð	Stefna í þróun byggðar og húsnæðismál verða skoðuð í samhengi við aðalskipulag.
Ferðamálastefna Vopnafjarðar **	Uppbygging gististaða, áningarstaða, stígar og aðrir innviðir sem nýtast gestum sem og íbúum.
Húsnæðisáætlun Vopnafjarðarhrepps	Ýmsar forsendur sem nýtast við vinnuna og tillögur að aðgerðum til að bæta húsnæðismál.
Jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps	Gætt verður að samræmi við markmið og leiðir jafnréttisáætlunar bæði við vinnu skipulagsáætlunarinnar sem og í samráðsferlinu.
Verndarsvæði í byggð: miðsvæði Vopnafjarðarkauptúns *	Tekið verður tillit til þeirra hugmynda um miðsvæði þéttbýlisins sem koma fram í tillögu að verndarsvæði í byggð.
Fornleifarannsóknir	Tekið verður tillit til skráðra fornleifa og minja í sveitarfélaginu.

* Viðkomandi áætlun er í vinnslu en reynt verður að taka tillit til viðkomandi áætlunar eins og hægt er miðað við stöðuna hverju sinni.

** Stefna í mótun en vinna er á lokametrunum. Reynt verður að taka tillit til viðkomandi áætlunar eins og hægt er miðað við stöðu verkefnisins hverju sinni.

4.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Árið 2015 samþykktu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna 17 markmið um sjálfbæra þróun. Heimsmarkmiðin eru flokkur markmiða og undirmarkmiða sem taka til alls heimsins og ber ríkjum að ná þeim fyrir 2030. Ísland er þar á meðal en þáttaka sveitarfélaga skiptir sköpum til að greiða fyrir þeim umskiptum sem þurfa að eiga sér stað til að ná heimsmarkmiðunum.

Við stefnumótun í endurskoðun aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps verður einkum horft til eftirfarandi markmiða:

- [Heilsa og velliðan \(markmið 3\):](#)
Stuðla að heilbrigðu líferni og velliðan fyrir alla frá vöggju til grafar.
- [Góð atvinna og hagvöxtur \(markmið 8\):](#)
Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
- [Nýsköpun og uppbygging \(markmið 9\):](#)
Byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.
- [Sjálfbærar borgir og samfélög \(markmið 11\):](#)
Gera borgir og íbúðarsvæði örugg, sjálfbær og öllum aðgengileg
- [Aðgerðir í loftslagsmálum \(markmið 13\):](#)
Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
- [Líf í vatni \(markmið 14\):](#)
Vernda og nýta hafið og auðlindir sjávar á sjálfbæran hátt.
- [Líf á landi \(markmið 15\):](#)
Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva og snúa við jarðvegseyðingu og sporna við hnignun líffræðilegs fjölbreytileika.

Skoðað verður hvernig innleiða megi heimsmarkmiðin í aðalskipulag og aðlaga aðstæðum sveitarfélagsins.

Sjá má nánar um heimsmarkmiðin 17 og 169 undirmarkmiðin [hér](#).

4.2 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna er þingsályktun sem Skipulagsstofnun vinnur fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra. Samkvæmt Skipulagslögum nr. 123/2010 skal taka mið af stefnunni við endurskoðun aðalskipulags.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru eftirfarandi leiðarljós lögð til grundvallar:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Horft verður til þessara leiðarljósa við frekari mótun leiðarljósa fyrir aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps.

Unnið er að viðbót við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem fara á í nánari stefnumótun um skipulag byggðar og landnýtingar með tilliti til [loftslagsmála](#), [landslags](#) og [lýðheilsu](#). Jafnframt verður farið yfir gildandi stefnu um skipulagsmál haf- og strandsvæða. Þá verður litið til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við mótun stefnunnar.

Vinna við mótun tillögunnar stendur yfir. Vænta má að tillaga um viðbót við landsskipulagsstefnu verði auglýst áður en vinna við endurskoðun aðalskipulags lýkur. Því verður skoðað að taka tillit til viðkomandi áætlunar eins og hægt er miðað við stöðu verkefnisins hverju sinni.

Nálgast má landsskipulagsstefnu [hér](#) og viðbótartillögu í vinnslu [hér](#).

5 Umhverfismat

Unnið verður umhverfismat aðalskipulagstillögu í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og Skipulagslög nr. 123/2010.

Tekin verða til mats áhrif leiðarljósa og markmiða aðalskipulagstillögunnar á umhverfið. Þá verður gerð grein fyrir framkvæmdum sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

Markmið matsvinnunnar er að:

- Draga fram og skilgreina líkleg áhrif skipulagstillögu á umhverfið.
- Bera saman umhverfisáhrif valkosta.
- Bregðast við fyrirsjáanlegum neikvæðum áhrifum sem fyrst og koma í veg fyrir óþarfa rask.
- Stuðla að því að tillit sé tekið til umhverfisins áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar m.t.t. sjálfbærrar þróunar.
- Skilgreina vöktun og mótvægisáðgerðir þar sem það á við.
- Stuðla að samræmi og greina frá tengslum skipulagstillögu við aðrar stefnur og áætlanir.
- Að kynna væntanleg umhverfisáhrif skipulagstillögunnar og gefa íbúum og öðrum hagsmunaaðilum kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum við mótun hennar.

Matið verður nýtt til þess að draga fram möguleg umhverfisáhrif tillögunnar svo draga megi úr neikvæðum áhrifum eins og kostur er. Verði áhrif neikvæð á umhverfisþætti verður velt upp mögulegum mótvægisáðgerðum eða öðrum valkostum með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum.

5.1 Viðmið

Viðmið verða sótt í þær stefnur og áætlanir sem taldar eru upp hér að framan (sjá 4. kafla). Einnig verður horft til eftirfarandi laga:

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
- Lög um loftslagsmál nr. 70/2012
- Lög um skógrækt á lögbýlum nr. 95/2006
- Lög um búfjárhald nr. 38/2013
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Mögulega verða viðmið sótt í fleiri lög ef það á við. Allar ábendingar um frekari viðmið vel þegnar.

5.2 Mat á áhrifum

Við mat á áhrifum er gert ráð fyrir að nota fjórar vægiseinkunnir við matið:

+	Jákvæð áhrif	Áhrifn talin verða jákvæð. Áhrifum lýst nánar m.t.t. umfangs og líkum.
-	Neikvæð áhrif	Áhrif talin verða neikvæð. Áhrifum lýst nánar m.t.t. umfangs og líkum.
+/-	Óveruleg áhrif	Áhrif eru óveruleg, hlutlaus eða lítil sem engin.
?	Óvissa um áhrif eða háð frekari útfærslu	Ekki er vitað um eðli eða umfang áhrifa vegna skorts á upplýsingum, tækni eða þekkingu. Og/eða áhrif eru háð útfærslu á síðari stigum skipulags eða í framkvæmd.

Ef líkur eru á neikvæðum áhrifum verða þau skoðuð nánar og metið hvort þau teljist lítil (neikvæð en óveruleg), miðlungs (neikvæð) eða mikil (veruleg og neikvæð) út frá einkennum áhrifa (umfang/stærð) og gildi umhverfisþáttar (mikilvægi/viðkvæmni). Leitast verður við að draga úr neikvæðum áhrifum í samræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og til að stuðla að skipulagstillagan hafi sem jákvæðust umhverfisáhrif.

5.3 Umhverfispættir

Við umhverfismat skipulagsáætlunarinnar verða umhverfisáhrif metin á eftirfarandi umhverfispætti (byggt á skilgreiningu í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 ásamt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar):

Tafla 5.1. Þeir umhverfispættir sem verða skoðaðir við umhverfismat skipulagsáætlunarinnar. Umhverfisvísar veita skýrari mynd á hvað er verið að skoða.

Umhverfispáttur	Umhverfisvísar
Samfélag	Efnahagur og verðmæti Atvinnumöguleikar Íbúapróun Gæði byggðar og búsetu Þjónusta við íbúa (s.s. félagsmál, samgöngur, veitur og aðrir innviðir)
Heilsa & öryggi	Náttúruvá Slyshætta Mengun Óþægindi
Menningarminjar	Fornleifar og minjar
Loftslag	Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) Binding gróðurhúsalofttegunda (GHL)

Land	Landslag Jarðfræði og jarðmyndanir Náttúruminjar Jarðvegur
Vatn og fjörur	Grunnvatn Vatnsvernd Ár, lækir og vötn Strandsvæði og sjávarbotn
Lífriki (Í lofti, á láði og legi)	Gróður Dýralíf Búsvæði Vistgerðir Líffræðilegur fjölbreytileiki

5.4 Kynning og samráð við umhverfismat

Umhverfismatið verður lagt fram í drögum með umhverfisskýrslu sem verður hluti af aðalskipulagstillögu á vinnslustigi (sjá nánar í næsta kafla). Verður umhverfisskýrslan þá send umsagnaraðilum og hagsmunaaðilum (sjá kafla um samráð og umsagnaraðila) ásamt Skipulagsstofnun.

Skipulagstillaga verður svo auglýst samkvæmt 31 gr. Skipulagslaga og verður umhverfismatið þá hluti af skipulagstillögu í umhverfisskýrslu sem fylgiskjal.

6 Íbúafundir og samráð

Til að ná breiðari sátt um aðalskipulagið þarf að vinna það með samtali og samstarfi við íbúa og aðra hagsmunaaðila í sveitarfélaginu. Einnig eru settar kröfur um samráð við gerð skipulagsáætlana í skipulagslögum og reglugerð.

Til að halda utan um gögn og fréttir af skipulagsvinnunni verður útbúin sérstök undirsíða fyrir verkefnið á heimasíðu sveitarfélagsins, www.vopnafjarðarhreppur.is. Gögnin verða öllum aðgengileg.

Hver sem telur sig hafa hagsmuna að gæta er bent á að hafa samband við skipulags- og byggingafulltrúa Vopnafjarðarhrepps í gegnum netfangið sigurdur.jonsson@efla.is eða með bréfpósti á Sigurður Jónsson, Efla Austurlandi, Hafnargötu 28, 710 Seyðisfirði.

Skipulags- og matslýsing þessi er send Skipulagsstofnun ásamt eftirfarandi umsagnaraðilum:

- Aðliggjandi sveitarfélög: Fljótsdalshérað, Langanesbyggð, Norðurþing og Svalbarðshreppur.
- Ferðamálastofa,
- Fiskistofa,
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST),
- ISAVIA,
- Minjastofnun Íslands,
- Náttúrufræðistofnun Íslands,
- Náttúrustofu Austurlands,
- Orkustofnun,
- RARIK,
- Umhverfisstofnun,
- Veðurstofa Íslands,
- Vegagerðin.

Þá verður haldið uppi virku samtali við íbúa með íbúafundum í upphafi vinnunar sem og á meðan vinnu við tillögu stendur yfir.

6.1 Upphafsfundur með íbúum

Þann 2. desember 2019 var haldinn opinn vinnufundur með íbúum á Vopnafirði þar sem drög að **LÝSINGU** var kynnt, farið yfir fyrirhuguð viðfangsefni nýs aðalskipulags og leitað eftir álit og hugmyndum íbúa á helstu efnistöfum.

Þau viðfangsefni sem borin voru fram á fundinum voru: loftslagsmál; landbúnaður og skipulag; orkuöflun; náttúra, nýting og verndun; húsnæðismál; nýsköpun & atvinnumál. Á fundinum kom fram vilji til að leggja áherslu á nýsköpun og atvinnumál auk þess sem úrgangsmál (flokkun og urðun sorps) voru ofarlega í huga fundargesta. Að loknum fundi var lýsingin lagfærð í samræmi við niðurstöður fundarins.

Lýsingin verður nú gerð aðgengileg á vef og skrifstofu sveitarfélagsins auk þess að verða auglýst í fjölmiðlum á svæðis- og landsvísu. Samhliða auglýsingu verður lýsingin send á umsagnaraðila, nágrannasveitarfélög og Skipulagsstofnun. Frestur til að senda inn skriflegar athugasemdir verður auglýstur samhliða.

6.2 Íbúafundir meðfram mótun tillögu

Gera má ráð fyrir 1-2 íbúafundum á meðan tillaga að nýju aðalskipulagi er í mótun. Ekki er búið að ákveða hvert umfjöllunarefni þessara funda verður hverju sinni. Gera má ráð fyrir að fundirnir verði haldnir á seinni hluta árs 2020 samhliða greiningarvinnu.

6.3 Kynningafundur með tillögu á vinnslustigi

Að lokinni greiningarvinnu hefst svo vinna við skipulagstillögunu sjálfa. Þar verður unnið úr hugmyndum frá íbúafundum ásamt athugasemdum sem

bárust við lýsingu. Þegar komin eru góð drög að skipulagstillögu eru þau kynnt sérstaklega.

Haldinn verður kynningar- og samráðsfundur þar sem kynnt verður **TILLAGA Á VINNSLUSTIGI** fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Hér verður fyrsta tillaga að uppdráttum kynnt ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu. Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar sjá hér fyrstu útfærslur á stefnu aðalskipulags og geta enn haft áhrif á útkomuna.

Áhersla verður lögð á að kynna breytingar í landnotkun og útfærslur á stefnu í undirmarkmið. Efni og áherslur eru í mótun en ráðast af stefnumörkun í kjölfar lýsingar og forsendugreininga.

Fyrir kynningarfundinn yrðu gögnin gerð aðgengileg á vefnum og kynningarfundurinn auglýstur með góðum fyrirvara. Tekið verður við skriflegum athugasemdum sem hafðar verða til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu við tillöguna. Frestur til athugasemda verður þrjár vikur.

6.4 Nýtt aðalskipulag auglýst

Eftir kynningu á tillögu á vinnslustigi verður unnið áfram í tillögu. Mögulega verða breytingar í kjölfar athugasemda. Þegar fullunnin tillaga er tilbúin hefst **AUGLÝSING TILLÖGU** með athugasemdafresti í a.m.k. sex vikur. Haldin verður opin auglýsingafundur þar sem tillagan er kynnt, hægt verður fá svör við spurningum og koma að athugasemdum bæði munnlega og skriflega.

Tillagan yrði þá einnig gerð aðgengileg á vefnum og opinberum stað ásamt því að auglýst verður í fjölmiðlum með dreifingu á bæði svæðisvísu og landsvísu. Þá er auglýst í Lögbirtingablaði. Tillagan yrði einnig send umsagnaraðilum, nágretta sveitarfélögum og Skipulagsstofnun.

Athugasemdum sem berast við fullbúna tillögu verður svarað skriflega að lokinni umfjöllun í skipulagsnefnd og sveitarstjórn.



7 Ferlið framundan og tímaáætlun


Upphaf vinnu við endurskoðun aðalskipulags er miðuð við vorið 2019 þegar sveitarstjórn hélt íbúafund um tækifærin sem felast í endurskoðun aðalskipulags í kjölfar forsendugreiningar. Eftir fundinn tók sveitarstjórn ákvörðun um að fara af stað með verkefnið. Gert er ráð fyrir að vinna við endurskoðun aðalskipulags taki u.þ.b. tvö ár frá því að undirbúningur hófst, þ.e. að fullbúin tillaga liggja fyrir um 2021.

Við gerð umfangsmikilla skipulagsáætlana eru alla jafnan þrjár vörður í ferlinu: **lýsing**, **tillaga á vinnslustigi** og **auglýsing** tillögu. Þess á milli fer fram greiningarvinna og vinna við tillöguna.

Nú fer þessi **LÝSING** í kynningarferli en að því loknu verða athugasemdir teknar saman og unnið úr þeim. Að því loknu hefst greiningarvinna sem byggir á þeim viðfangsefnum sem farið er yfir í öðrum kafla hér á undan. Þegar greiningarvinnu er lokið hefst vinna við tillögu að nýju aðalskipulagi.

TILLAGA Á VINNSLUSTIGI verður kynnt þegar góð drög að nýju aðalskipulagi liggja fyrir. Þá verður hægt að sjá fyrstu tillögu að uppdráttum og skilmálum. Hægt verður að koma með ábendingar og athugasemdir við tillöguna á meðan hún er enn í vinnslu og hafa þannig áhrif á lokaniðurstöðuna.

AUGLÝSING TILLÖGU fer síðan fram líkt og skipulagslög kveða á um. Þá verður búið að vinna tillöguna enn frekar eftir vinnslustigið og aftur gefst tækifæri til að koma með athugasemdir við tillöguna. Þegar auglýsingaferli er lokið og unnið hefur verið úr athugasemdum sem bárust fer nýtt aðalskipulag fyrir sveitarstjórn til samþykktar og svo til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Nýtt aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og auglýsing þess birt í B-deild Stjórnartíðinda.



Mynd 7.1 Áætlun tímalínu vinnu við endurskoðun aðalskipulags.